




Reykjavík, 24. febrúar 2026
USK26010373

Gerðarbrunnur 52– Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Arnars Laxdal Jóhannssonar, dags. 25. janúar 2026, um staðsetningu göngustígs vegna fyrirhugaðrar hönnunar á stoðvegg við lóðamörk.



Deiliskipulag



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Loftmynd



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin að Gerðarbrunni 52 borgarhluta 10. Grafarholt - Úlfarsárdalur og er hluti af íbúðarsvæði.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Úlfarsárdal, samþykkt í borgarráði 3. október 2017, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 52 við Gerðarbrunn er einbýlishús byggt árið 2023 skv. fasteignaskrá.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því hvernig skal koma fyrir stoðveggjum á lóðarmörkum á vesturhluta lóðarinnar. Umrædd lóðarmörk liggja upp að borgarlandi, við göngustíg sem liggur frá Urðarbrunni, á milli húsa nr. 34 og 40, og niður að Gerðarbrunni, á milli húsa nr. 56 og 52.

Ekki er sýndur stoðveggur á samþykktum aðaluppdráttum.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir steinsteyptum stoðveggjum á lóðarmörkum húsa í hverfinu sbr. kafla 2.1.8. í skilmálum deiliskipulagsins.

Bent er á almennar leiðbeiningar um vegg, girðingar og gróður á lóðarmörkum. Þar segir:

Veggir, girðingar og gróður á lóðarmörkum sem snúa að götu eða gangstétt/göngustíg skulu ekki vera hærri en 1,20 m. Þetta er gert til að gæta að sjónlínunum vegfarenda og til að gæta öryggis þeirra.

Sækja þarf um byggingarleyfi til þess að koma umræddum stoðvegg fyrir.



Reykjavík



Niðurstaða

- Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni og hafa skal almennar leiðbeiningar um vegg, girðingar og gróður á lóðarmörkum í huga.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík